



### 3. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 8. maí 2023 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir (BL) varaformaður, Lárus Blöndal (LB) annar varaformaður, Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri, Ágúst Angantýsson (ÁA), Einar Hannesson (EH), Herbert Arnarson (HA) og Jón Bender (JB).

Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) var með í gegnum fjarfundarbúnað.

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri KKÍ sat fundinn.

GNE og HSJ rituðu fundargerð.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt rafrænt og birt á kki.is.

#### 2. 55. Körfuknattleiksþing - ákvarðanir þings sem sendar voru til stjórnar til úrlausnar

Framtíðarsýn, umræður um hvernig málið verður unnið og hver fyrstu skref ættu að vera. ÁA mun stýra þessu fyrir hönd stjórnar. ÁA, GNE, HK og HSJ munu taka boltann og koma með frekari gögn og fréttir á næsta fundi.

Leyfiskerfi, næstu skref er að skrifstofan fer í vinnu í tengslum við þetta og mun síðar skila inn gögnum til stjórnar. Málið tekið áfram í framhaldinu.

Reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd. JB, GNE, HSJ munu taka boltann og skila tillögu til stjórnar að nýrri reglugerð sem verður tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.

Nafn á eldri yngri flokka, vísað til HSJ og skrifstofu að klára málið.

#### 3. Reglugerðarbreytingar

Samþykkt að gera nokkrar breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót og verða breytingarnar sendar út til hreyfingarinnar. Góðar umræður um einstaka breytingar.

HSJ falið að skoða breytingar á félagaskiptareglum og koma með tillögu á næsta fund.

Reglugerð um erlenda leikmenn, umræður um þriggja ára regluna og tilgang hennar.

#### 4. Skipan fastanefnda

Skipan fastanefnda rædd, lögð fram tillaga að meðlimum í nefndir. Ákveðið að halda áfram þeirri vinnu og leggja fram aftur fyrir næsta fund.

**5. Fjármál**

Þriggja mánaða uppgjör kynnt og rætt. Rúmlega sex milljón króna tap. Gjaldskrárbreytingar á mótagjöldum og leikheimildum erlendra leikmanna samþykktar.

**6. Afreks- og landsliðsmál**

Stjórn samþykkti tillögu afreknsefndar um endurráðningu þjálfara kvennalandsliðsins, Benedikts Guðmundssonar. Rætt um verkefni karla- og kvennalandsliðanna í sumar. Farið yfir þá vinnu sem ÍSÍ hefur lagt í vegna afreksmála og afrekssjóðs en enn er verið að vinna í málunum.

**7. ÍSÍ þing um síðastliðna helgi**

GNE og HSJ fóru yfir hvernig þingið fór fram. Umræður um málefni tengd ÍSÍ.

**8. FIBA Europe þing 18.-21. maí**

GNE og HSJ munu sækja þingið.

**9. Til upplýsinga og umræður**

HSJ fór yfir viðræður vegna sjónvarpsmála. Farið var stuttlega yfir vinnu vegna veðmála og vinnu við nýja heimasíða.

Tveir einstaklingar frá félagunum hafa lýst yfir áhuga á að taka þátt í viðræðum við KKDÍ. EH mun taka málið áfram fyrir hönd KKÍ og boða aðila til fundar á næstunni.

**10. Önnur mál**

Rætt um að skoða breytingu á reglugerð um aðgönguskírteinum, klára það tímanlega fyrir næsta keppnistímabil.

Sundurliðun á flug- og upphaldsskostnaði leikmanna yngri landsliða verður send leikmönnum og foreldrum þeirra.

Næsti stjórnarfundur er mánudaginn 12. júní.

**Fundi slitið kl.20:50**